

SÆLINGSDALSÁ, Dalasýslu.

2. maí 1953.

Úrkomusvæði Sælingsdalsárar 40 km², er hún sameinast Leysingjastaðaá (50 km²). Þann spöl, sem eftir er til sjávar heitir vatnsfallið Laxá.

Að athugun lokinni á tveimur smálækjum, sem hægt er að sameina í hliðinni fyrir ofan Laug, mældi ég Sælingsdalsá. Lækirnir virðast ófærir eða a.m. k. lítt tækir til virkjunar, sökum þess, hve vatnslitlir þeir eru. Möguleiki er á um 200 m fallhæð, en líkur benda til, að við inntak í þeirri hæð verði þurrt langtínum saman. Fallhæð nálægt 50 m virðist helst koma til greina, t.d. fyrir ljósastöð. Einar Kristjánsson, kennari hyggst mæla rennslið með kerri í sumar og gera nánar grein fyrir orkupörf staðarins.

Úrkomusvæði Sælingsdalsár undan Laug er 35 km². Ég mældi rennslið þar 2. maí 1953, og reyndist það 1,1 m³/sek þ.e.a.s. 31,5 l/sek pr km². Um 500 m austur af sundlauginni fellur áin af flötum eyrum niður í þröngt gljúfur. Þar er nálægt eins metra fall, stíflustæði ágætt og önnur aðstaða hentug til virkjunar árinna.

Í ráði er að sveigja með veg heim að Sælingsdalslaug norður á eyrarnar, en nú eru þar aðeins troðningar, og brúa ána þar á eyrunum. Rétt virðist því að athuga 1) hvort hagkvæmt er að sameina stíflu- og brúargerð, 2) hvaða áhrif uppistaða við rafstöðvarstíflu efst í gljúfrunum kynni að hafa á brúar- og vegagerð yfir eyrarnar. Hæðar- og lengdarmælingar gerði ég engar, enda ekki með áhöld til þeirra hluta. Ágúst Júlíusson, bóndi

að Laug, aðstoðaði mig við rennslismælinguna. Hann er öllum aðstæðum gjörkunnur.

Út frá þessari einu vatnsrennslismælingu verður lítið sagt um rennsli árinna. Geta má þó þess, að í langvarandi þurrkunum og í frosthörkum fer rennslið langt niður í Dalasýslu t.d. niður í 4 l/sek pr km² í Laxá hjá Búðardal, samkvæmt því ætti minnsta rennsli Sælingsdalsár hjá Laug að vera 140 l/sek. Margt bendir þó til, að minnsta rennsli Sælingsdalsár liggja nokkuð ofar a.m.k. minnsta sumarrennslið, því að snjór liggur í daladrögum fram eftir sumri. Atla má, að rennslið sé verulegan hluta ársins um og yfir 16 l/sek pr km², eða 560 l/sek rennsli. Með áframhaldandi athugunum fæst á þessu gleggri skil.

Reykjavík, 5. maí 1953.

Sigurjón Rist